

26. ágúst 1981.

755

Nr. 475.

## AUGLÝSING um tollafgreiðslugengi.

Með vísan til auglýsingar nr. 427/1978 um tollafgreiðslugengi, tilkynnir ráðuneytið hér með, að það sölugengi krónunnar sem skráð var hér á landi í bönkum að morgni hinn 26. ágúst 1981 (gengisskráning nr. 160) skuli gilda við ákvörðun tollverðs frá og með dagsetningu auglýsingar þessarar. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar óbreytt. Ákvörðun þessi hefur eigi áhrif á tollverð vöru, hafi fullgild aðflutningsskjöl til tollmeðferðar hennar verið afhent viðkomandi tollstjóra fyrir 26. ágúst 1981.

Hafi innflytjandi fyrir ofangreind tímamörk lagt inn hjá viðkomandi tollstjóra óbankastimpluð skjöl vegna innflutnings tiltekinnar vörusendingar og sannanlega greitt kröfu í banka hennar vegna fyrir útgáfu auglýsingar þessarar er tollstjóra heimilt til 1. september 1981 að taka við bankastimpluðum vörureikningi og tollafgreiða sendinguna á grundvelli þess gengis er síðast gildi fyrir útgáfu auglýsingar þessarar.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Björn Hafsteinsson.*

19. ágúst 1981.

Nr. 476.

## AUGLÝSING um afnotagjöld Ríkisútvarps.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir síðari gjalddaga ársins 1981 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit .....	kr. 586.00
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	— 464.00
Hljóðvarpsgjald .....	— 151.00

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1981.*

**Ingvar Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*